

Nd.

731. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar vilja afgreiða frv. eins og það kom frá efri deild. Ég tel, að gera þurfi á frumvarpinu verulegar breytingar, og flyt tillögur þar að lútandi á sérstöku þingskjali.

Frumvarpið felur í sér litlar breytingar á gildandi skattalögum. Þær hækkanir, sem ráðgerðar eru á persónufrádrætti, og breytingar á skattstiga miða aðeins að því að samræma gildandi lög um tekju- og eignarskatt því verðlagi, sem nú er orðið.

Ég tel hins vegar, að hækka hefði átt persónufrádrátt meira en ráðgert er í frv. og að einnig hefði þurft að breyta skattstiganum meira en lagt er til, m. a. á þá lund að hækka talsvert skattstiga félaga.

Alþingi, 10. maí 1965.

Lúðvík Jósefsson.